

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Snæfellsbæ.

#### *Hafnarsvæðið í Ólafsvík.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 7. apríl 2016, breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis í Ólafsvík.

Breyting deiliskipulagsins hefur lítil og staðbundin áhrif. Heimilað er aukið byggingarmagn á fáeinum lóðum og ein lóð er felld niður.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Verslun og þjónusta á Arnarstapa.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 7. apríl 2016, breytingu og stækkun á deiliskipulagi á Arnarstapa, verslunar- og þjónustusvæði.

Í breytingunni felst að ganga frá 6 verslunar- og þjónustulóðum.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Snæfellsbæ, 25. maí 2016.*

**Davíð Viðarsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 7. júní 2016